



Forvarnarstefna Stykkishólmsbæjar

Maí 2005

Forvarnarstefna Stykkishólmsbæjar

Í gömlu máltæki segir að heilt þorp þurfi til þess að ala upp barn. Í forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar er því leitast við að kalla til samstarfs sem flesta þá aðila sem vinna að málefnum barna og unglunga í bæjarfélaginu. Með forvörnum er átt við víðustu merkingu þess orðs og lögð áhersla á uppbyggjandi lífsstíl barna og unglunga, aukna sjálfsvirðingu, sterka framtíðarsýn, heilbrigt lífæri, kjark til að velja og styrk til að hafna vímuefnum. Með forvörnum er einnig lögð áhersla á að upplýsa börn og unglunga um mikilvæg atriði til þess að draga úr slysum og vara þau við hvers konar hættum.

Skorað er á alla þá er tengjast börnum og unglungum að taka virkan þátt í baráttunni gegn slysum, vímuefnum og hverskonar hættum er steðja að í nútíma þjóðfélagi.

Skorað er á alla þá er koma að sölu á tóbaki og áfengum drykkjum í bæjarfélaginu, að virða lágmarksaldur til kaupa á þessum vörum og lögð er áhersla á skilvirkt eftirlit með vínveitingastöðum og verslunum í þessu sambandi.

Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna. Einnig þjálfarar, leiðbeinendur, kennarar og aðrir þeir er koma að uppeldi barna. Forvarnir byrja heima og eru foreldrar því hvattir til að fylgja börnum sínum vel eftir, t.a.m. eiga góðar stundir með þeim, fylgja útivistarreglunum, og skapa börnunum örugg uppeldisskilyrði.



Markmið með forvarnarstefnu

Hvert svið bæjarfélagsins, stofnanir eða félagasamtök sem innan þess starfa, setja sér stefnu í forvörnum sem samræmast skal forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar. Þar skal koma fram hvernig framkvæmdinni er háttað og yfirmarkmiðum Stykkishólmsbæjar í forvörnum náð. Yfirmarkmið stefnunnar eru:

- Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna að gera.
- Að draga úr og koma í veg fyrir neyslu ungmenna á hvers konar vímuefnum, s.s. tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum.
- Að bæta aðbúnað og umhverfi barna og unglunga.
- Að auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.
- Að forvarnir verði fastur og reglulegur þáttur í starfsemi félaga, fyrirtækja og stofnana sem hafa með málefni barna og unglunga að gera í bæjarfélaginu.

Starfsmaður sem sinnir æskulýðsmálum í bæjarfélaginu hefur ásamt Æskulýðs- og íþróttanefnd yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar. Stefnuna skal endurskoða í október ár hvert.

Eftirtaldir aðilar standa að framkvæmd áætlunarinnar í Stykkishólmsbæ:

- Leikskólinn í Stykkishólmi
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Foreldrafélag GSS
- Heilsugæslustöðin í Stykkishólmi – Skólahjúkrunarfræðingur
- Félagsmiðstöðin X-ið
- Vinnuskóli Stykkishólmsbæjar
- Lögreglan á Snæfellsnesi
- Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis
- Ungmennafélagið Snæfell
- Hesteigendafélag Stykkishólms
- Golfklúbburinn Mostri
- Skátafélagið Hólmverjar
- Björgunarsveitin Berserkir
- Stykkishólmskirkja

Leikskólinn í Stykkishólmi



Starf leikskólans felur í sér forvörn í víðasta skilningi þess orðs.

Markmið:

- Að ala upp jákvæða einstaklinga með sterka sjálfsmynd.
- Að styðja við og efla sjálfræði og sjálfstæði barna.
- Að vinna gegn einelti eða annari félagslegri útskúfun.
- Að tryggja örugg leikskilyrði barna.
- Að tryggja snemmtæka íhlutun varðandi þroskafrávik af einhverjum toga eða slæmra félagslegra aðstæðna.
- Að eiga öflugt og gott samstarf við foreldra/forráðamenn barnanna og veita þeim upplýsingar um uppeldi og umönnun barna.
- Að eiga öflugt samstarf við grunnskóla, tónlistarskóla, heilsugæslu, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, lögreglu, og slökkvilið Stykkishólms.

Leiðir:

- Í gegn um daglegt líf í leikskólanum vinnum við að þessum þáttum með því að bera virðingu fyrir einstaklingnum og þörfum hans, með því að efla umburðarlyndi og kristilegt siðgæði barna og með því að vera góðar fyrirmyndir í öllum samskiptum.
- Börnin hafa raunverulegt val í starfinu sem þau síðan læra að axla ábyrgð á. Þar með er stutt við sjálfræði og sjálfstæði þeirra.
- Eftirlitskerfi með húsnæði og lóð leikskólans eykur á öryggi barnanna.
- Lögð er áhersla á virka símenntunaráætlun í leikskólanum, til að efla faglega þekkingu starfsfólks.
- Greiður aðgangur að sérfræðingum sem starfa við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga eykur faglega og snemmtæka íhlutun í þau mál sem þess krefjast.
- Árlegir foreldrafundir, foreldraviðtöl, einkasamtöl og fréttabréf, auk fræðsluerinda í samvinnu við foreldrafélag leikskólans eru fastir liðir í starfinu.
- Reglulegir fundir milli skólastiga eru haldnir til að tryggja sem mesta og besta samfellu í skólastarfinu, m.a. með verkefninu „Brúum bilið”.

Grunnskólinn í Stykkishólmi



Forvarnir eru vítt hugtak og taka til margra þátta daglegs lífs, meðal annars forvarna gegn neyslu á vímuefnum og einelti.

Unnið hefur verið að því að móta forvarnastefnu fyrir Grunnskólann í Stykkishólmi. Fyrstu drög að stefnunni voru lögð fram í vor og er áætlað að umræða og vinna starfsfólks að lokafrágangi stefunnar verði í byrjun næsta skólaárs.

Eftirfarandi eru almenn markmið skólans í forvörnum. Nánari útskýringar og lýsingar á aðferðum til þess að nálgast þessi markmið verður að finna í skólanámskrá.

Grunnskólinn leggur áherslu á:

- Að stuðla að sem bestri líðan og öryggi allra nemenda skólans. Þá þarf að fylgjast jafnt með og stuðla að andlegu, líkamlegu og félagslegu jafnvægi.
- Að stuðla að heilbrigðum lífsstíl meðal nemenda.
- Að skapa nemendum góðan aðbúnað innan skóla sem og utan. Í því sambandi skal leitast við að hafa nemendur með í ráðum.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir skólanum, umhverfi sínu, bæjarfélaginu og óspilltri náttúrunni.
- Að nemendur skilji og tileinki sér í leik og starfi hugtökin: Kærleikur, virðing, umhyggja, sjálfsvirðing, heilbrigði, fyrirgefning og vinátta.
- Að ávallt sé brugðist strax við áföllum og einelti. Hvort sem það er meðal nemenda eða starfsfólks.
- Að samræma á öllum aldurstigum námsefni sem lýtur að markvissri forvarnafræðslu.
- Að allir starfsmenn skólans þekki forvarnarstefnu skólans, markmið og almennar leiðir til þess að geta framfylgt henni, eftir því hvaða hlutverk þeir hafa innan skólans.
- Að nemendur fái á öllum aldurstigum grunnskólans lögreglumann í heimsókn með markvissa og samræmda forvarnafræðslu sem hæfir hverjum árgangi. Að kennari og nemendur vinni markvisst að undirbúningi fyrir heimsóknina í samræmi við markmið Aðalnámskrár eða fylgi henni eftir.
- Að samstarf milli Grunnskólans og heimilanna sé með besta móti sem og við félagsmiðstöðina, stofnanir, félagasamtök og íbúa bæjarins.

Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi

Aðalmarkmið foreldrafélagsins í forvarnarmálum er **að vinna með börnum og unglingum og þeim aðilum sem starfa að velferð þeirra.**

Foreldrafélag GSS ætlar að fylgjast með stöðu unglíngamenningar, leitast við að mæta þeim aðstæðum sem upp koma og vinna úr þeim á jákvæðan hátt í samvinnu við skólann og aðra þá aðila sem vinna að velferð barna í samfélaginu.

Heilsugæslustöð SFS – Skólahjúkrunarfræðingur

Markmið:

- Heilsugæslustöð SFS og skólahjúkrunarfræðingur leggja áherslu á eftirtalin atriði:
- Að stuðla að aukinni fræðslu og ráðgjöf til fjölskyldna um slysavarnir.
- Að stuðla að aukinni fræðslu og ráðgjöf til fjölskyldna um vímuefni og skaðsemi þeirra.
- Að stuðla að eftirliti og fræðslu til nemenda Grunnskólans um slysa- og vímuvarnir.

Leiðir:

- Hjúkrunarfræðingar Heilsugæslu SFS veita fræðslu og ráðgjöf um slysavarnir í ung- og smábarnavernd.
- Hjúkrunarfræðingar Heilsugæslu SFS veita fræðslu og ráðgjöf til foreldra og/eða forráðamanna um vímuvarnir í ung- og smábarnavernd.
- Skólahjúkrunarfræðingur fer í flesta bekki Grunnskólans með fræðslu um slysa- og vímuvarnir.
- Skólahjúkrunarfræðingur er með einstaklingsviðtöl við 4., 7. og 9. bekk Grunnskólans.

Félagsmiðstöðin X-ið

Í starfi félagsmiðstöðvarinnar er aðallega lögð áhersla á starf með unglingum á aldrinum 13-16 ára. Þar er byggt á áhuga og virkni unglinganna sjálfra, þannig að þeir séu virkir, ábyrgir þátttakendur. Félagsmiðstöðin leggur áherslu á:

Að efla félags- og tilfinningaþroska unglinganna með því að allir fái sömu tækifærin, finni eitthvað við sitt hæfi og byggi upp jákvæða sjálfsmynd.

Að stuðla að fræðslu á sviði forvarna og eiga gott samstarf við aðra aðila er að þeim málum koma í bæjarfélaginu.

Að starfsfólk setji skýr mörk við neikvæðri hegðun og séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Að reykja ekki í félagsmiðstöðinni eða á lóð hennar, né þar sem starf fer fram á hennar vegum eða annarra félagsmiðstöðva.

Að hafa ekki undir höndum og neyta ekki áfengis eða annarra vímuefna í félagsmiðstöðinni, fyrir utan hana, né þar sem starf fer fram á hennar vegum eða annarra félagsmiðstöðva.

Að fylgja fast eftir brotum á reglum félagsmiðstöðvarinnar. Við brot á reglum er viðkomandi vísað tímabundið frá félagsmiðstöðinni og haft samband við foreldra/forráðamenn.

Vinnuskóli Stykkishólmsbæjar

Vinnuskólinn leggur áherslu á:

Uppbyggjandi starf sem stuðli að jákvæðri sjálfsmynd, sjálfsvirðingu og sjálfsaga unglinganna. Þar er einnig lögð áhersla á:

Að stuðla að fræðslu á sviði forvarna og eiga gott samstarf við aðra aðila er að þeim málum koma í bæjarfélaginu.

Að leiðbeinendur setji skýr mörk við neikvæðri hegðun og séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Að leiðbeinendur Vinnuskólans fái góða fræðslu um vímuvarnir og öryggismál og hlutverk þeirra sem góðar fyrirmyndir í þeim efnum.

Að nemendur Vinnuskólans fái fræðslu um vímuvarnir og öryggismál og skynji upplýsingaskyldu Vinnuskólans til foreldra og forráðamanna.

Að reglur verði settar um bann við notkun hvers konar vímuefna innan Vinnuskólans og hart fylgt eftir brotum þar á.

Lögreglan á Snæfellsnesi

Lögreglan mun leitast við í störfum sínum að stuðla að auknu öryggi barna og ungmenna. Hlutverk lögreglu er skilgreint í 1.gr. lögreglulaga nr. 90/1996 en jafnframt er í 11.gr. sömu laga kveðið á um samvinnu við önnur stjórnvöld eða stofnanir um forvarnir.

Lögreglan gerir sér grein fyrir að árangur í forvörnum næst ekki nema með víðtækri samvinnu allra aðila. Mun hún því leitast við að vinna að forvörnum með öðrum stofnunum eða félagasamtökum og jafnvel eiga frumkvæði að slíku samstarfi í tengslum við einstök verkefni.

Lögreglan mun fylgja eftir markmiðum þessarar forvarnastefnu m.a. með eftirfarandi hætti:

1. Forvarnarfræðsla til allra bekkja grunnskólans þ.e. að hver bekkur verði heimsóttur einu sinni á skólaári. Ennfremur að lögreglumaður fræði leikskólabörn einu sinni til tvisvar á vetri.
2. Eftirlit með útivistartíma barna verði aukið.
3. Fylgjast sérstaklega með neyslu barna og ungmenna á vímuefnum.
4. Auglýsa og opna sérstakan símsvara þar sem hægt verður að hringja inn með nafnleynd upplýsingar um fíkniefni.
5. Efla samskipti lögreglu og barna í bæjarfélaginu með reglulegum heimsóknum í félagsmiðstöðina.

Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis

Markmið:

- Að eiga og reka slökkvilið sem er í stakk búið að takast á við þann vanda sem upp getur komið. Bæði mannskapslega og tækjalega.

Leiðir:

- Mennta slökkviliðsmenn eftir áætlun sem Brunamálastofnun gefur út.
- Halda við tækjum og búnaði héðan og fylgjast með nýjungum og fjárfesta í því sem vantar.
- Að ná til almennings til að koma á framfæri fræðslu.
- Heimsækja fyrirtæki og fara yfir það sem betur má fara í umgengni til að minnka áhættu fyrir fyrirtæki og starfsfólk.
- Heimsækja skólana til að koma á fót fræðslu til nemenda og stjórnenda til að minnka áhættu bæði í heimahúsum og stofnunum.

Félagasamtök

Félagasamtökum sem hafa með börn og unglunga að gera, er ætlaður hlutur í framkvæmd forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar, þar sem þau hafa með höndum þjónustu við bæjarbúa auk mikilvægs uppeldishlutverks í æskulýðs- og íþróttastarfi. Þar skal lögð áhersla á jákvætt, uppbyggilegt starf sem skili af sér sterkari, sjálfsöruggari einstaklingum. Félögin skulu stuðla að fræðslu á sviði forvarna og eiga gott samstarf við aðra aðila er að þeim málum koma í bæjarfélaginu. Lögð er áhersla á að félögin setji forvarnarstarf í markmið sín og hafi ekki vímuefni um hönd í starfi eða á samkomum í nafni félaganna þar sem börn og ungmenni eru þátttakendur. Í því sambandi má benda á að styrkir Stykkishólmsbæjar til félaganna eru m.a. háðir skilyrðum um jákvætt og uppbyggilegt starf í þágu æskunnar.

-Ungmennafélagið Snæfell

Félagið hefur á stefnuskrá sinni:

Að stuðla að öruggu umhverfi og góðum aðbúnaði í starfi á vegum félagsins.

Að þjálfarar og aðrir þeir er fylgja börnum og unglungum eftir í starfinu setji skýr mörk við neikvæðri hegðun og séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Að banna notkun hverskonar vímugjafa á æfingum, keppnisferðum og öðrum atburðum sem fram fara á vegum félagsins, þar sem börn og unglingar eru þátttakendur.

Að auka fræðslu þjálfara og leiðbeinanda um vímuvarnir og öryggismál.

Að öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í og við íþróttamannvirki Stykkishólmsbæjar.

Að félagið setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ.

Framkvæmd:

1. Setja í reglur félagsins bann við notkun vímuefna. Þær kynntar og viðeigandi merkingar settar upp. Þetta bann gildi jafnt fyrir keppendur, þjálfara og fararstjóra og á einnig við um æfinga- og keppnissvæðin.
2. Tilkynna til foreldra og forráðamanna brot á reglum varðandi vímuefnanotkun.
3. Taka þátt í undirbúningi námskeiðs fyrir þjálfara og leiðbeinendur um vímuvarnir í samráði við íþróttá- og tómsundaráð.
4. Tileinka eða slíkum viðburði, á sínum vegum vímuvörnum og þá með slagorði t.d. "Íþrótt gegn vímu".
5. Fá afreksmenn eða þekkta einstaklinga til að fræða börn og ungmenni um skaðsemi vímuefna.

- Hesteigendafélag Stykkishólms

H.E.F.S.T. hefur á stefnuskrá sinni:

Að bjóða börnum og unglungum aðstoðu til iðkunar hestamennsku, með leigubásam. Eftirlitsmaður myndi aðstoða og vera ábyrgur fyrir fóðrun og þrifum, en hvetja og kenna viðkomandi handtökin.

Að halda reiðnámskeið vor hvert, fyrir byrjendur og lengra komna.

Að hver einasti knapi hafi hjálm á höfði, þegar stigið er á bak og félagsmenn geri það að skyldu sinni að áminna þá sem gleyma sér í því.

Að hestamenn setji skýr mörk við neikvæðri hegðun og séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Að ekki séu notuð vímuefni í starfi og leik á vegum félagsins, þar sem börn og unglingar eru þátttakendur.

Að vera þátttakandi í öllu starfi innan bæjarfélagsins, sem lýtur að forvörnum og bættu samfélagi barna og unglunga.

- Golfklúbburinn Mostri

Mostri hefur á stefnuskrá sinni:

Að stuðla að öruggu umhverfi og góðum aðbúnaði í starfi á vegum félagsins.

Að þjálfarar og aðrir þeir er fylgja börnum og unglungum eftir, á vegum félagsins, séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Að banna notkun hverskonar vímuefna á æfingum, keppnisferðum og öðrum atburðum sem fram fara á vegum félagsins, þar sem börn og unglingar eru þátttakendur.

Að þjálfarar og leiðbeinendur félagsins verði uppfræddir um vímuvarnir og öryggismál.

Að unnið verði að því að öll notkun tóbaks verði stranglega bönnuð á golfvelli félagsins í framtíðinni.

Að félagið setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ.

- Skátafélagið Hólmverjar

Að stuðla að því að gera börn og unglinga að nýtum þjóðfélagsþegnum og þau stundi heilbriggt líferni án allra vímuefna.

- Björgunarsveitin Berserkir

Í björgunarsveitina eru allir velkomnir sem vilja stunda þjónustu við samfélagið í gegnum sjálfboðaliðastarfsemi. Á móti viljum við að menn noti ekki vímuefni á meðan þeir vinna fyrir sveitina og eru merktir henni.

Stykkishólmskirkja

Jesús Kristur segir: “Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er þessu líkt: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.” (Mt. 22.37-39)

Allt starf Stykkishólmskirkju, hvort sem það er með börn í kirkjuskólanum, 10-12 ára starf, fermingarfræðsla eða fullorðinsfræðsla tekur mið af þessum orðum Krists. Allt forvarnarstarf hlýtur að beinast að því að styrkja sjálfsímynd einstaklinga, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðru fólki.

Framkvæmd

Kirkjan vill starfa að þessu í gegnum helgihald, fræðslu og kærleiksþjónustu með kristilegri mótun, trú og bænalífi.